


Búfjáraður:

Undir þessum flipa eru upplýsingar um ýmsar tegundir lífræns áburðar. Hægt er að skrá nýja tegund af lífrænum áburði með því að velja „nýskrá“ (Sjá á mynd neðst á síðu). Rétt er þó að fara með gát við slíka skráningu ef ekki eru til efnagreiningar á lífrænum áburði frá viðkomandi búi.

Stórir óvissuþættir eru í notkun búfjáraðurar, sem dæmi breytileiki í efnainnihaldi eftir fóðrun og breytileiki í þurrefni eftir hlutfalli íblöndunar vatns. Þessi breytileiki gerir mat á áburðarefnum úr búfjáraburði mjög erfitt. Þá er ekki síður stór óvissuþáttur við notkun búfjáraðurar, hvenær lífrænn áburður er borinn á (haust/vetur/vor) og einnig aðferðir sem notaðar eru við að bera á, dreifing/niðurfelling. Skráning og mat á nýtingu lífræns áburðar er skráð í hvert skipti sem búfjáraðurargjöf er skráð og á því ekki við á þessari síðu.

Ýmsar aðferðir eru notaðar við að nálgast rétt svör um notkun búfjáraðurar og er tæpast hægt að benda á réttustu lausnina þar um. Hins vegar er mjög gott að reyna að gera sér grein fyrir hversu mikill lífrænn áburður fellur til á búinu.

Undir liðnum „búfjáraður“, efst á síðunni má sjá flipann „Framleiðsla“ og þar fyrir neðan er valmöguleikinn „Nýskrá“. Þarna er hægt að reikna út magn búfjáraðurar eftir búfjártegundum, áætlaða þynningu og innistöðutíma.



Búfjáraður Síður ▾

▼ **Framleiðsla**

[Nýskrá](#)

Tegund	Fjöldi gripa	Fj. mánuða á húsi	Samtals (tonn)	Kg/grip	N (kg)	P (kg)	K (kg)	
Kúam 7,4% þe	40	8,0	570,7	14266	1198	513	1826	
Sauðat óþy	200	6,5	78,0	390	351	156	561	

▼ **Staða**

[Nýskrá](#)

Tegund	Magn (tonn)	Ástand geymslu	N (kg)	P (kg)	K (kg)

▼ **Tegundir lífræns áburðar**

[Nýskrá](#)

Nafn	Kg/ári/grip	N (kg/tonn)		P (kg/tonn)		K (kg/tonn)	
Hrossatað	7300	2,4	1,0	3,0			
Hænsnaskitur	50	4,0	6,0	7,0			
Kúam 6,2% þe	25500	1,9	0,7	2,7			
Kúam 7,4% þe	21400	2,1	0,9	3,2			
Kúam óþy 11% þe	14400	3,4	0,9	5,0			
Loðdýraskitur	180	5,0	4,5	2,3			
Sauðat óþy	720	4,5	2,0	7,2			
Sauðatað þynnt 8%	2070	1,6	0,7	2,5			
Svínaskitur	4800	3,0	1,5	3,0			







Rétt er þó að taka fram að þessar upplýsingar eru aðeins til afstemmingar en hafa á engan hátt áhrif á magn nýtilegs búfjáraðurar þegar kemur að vinnu við áburðaráætlun. Sem dæmi, að þó svo að reiknað sé að til séu 500 tonn af búfjáraburði er samt hægt að ráðstafa 1000 tonnum við gerð áætlunar.

Jörð.is - Búfjáraður

Búfjáraður

▼ Framleiðsla

Nýskrá

Tegund	Fjöldi gripa	Fj. mánuða á húsi	Samtals (tonn)	Kg/grip	N (kg)	P (kg)	K (kg)	
Kúam 7,4% þe	40	8,0	570,7	14266	1198	513	1826	 
Sauðat óþy	200	6,0	72,0	360	324	144	518	 
Sauðatað þynnt 8%	200	6,0	207,0	1035	331	144	517	 

Í dæminu hér að ofan má sjá að séu 200 ær í húsi með góðan kjallara þar sem er vatnsblandað og þurrefni áætlað um 8% og innistaða um 6 mánuðir, þá falla til um 207 tonn. Í öðru húsi þar sem skít er mokað út þ.e. óþynntum en innistaðan er sú sama, þar er magnið aðeins 72 tonn. Í báðum tilfellum er um að ræða sama magn af heildar köfnunarefni (N), fosfór (P) og kalí (K). Þessi aðferð getur verið gagnleg þegar hús eru tæmd á hverju ári en ef ekki þá er erfiðara að nota þessa aðferð. Eins má reyna að meta rúmmetra í kjallara fyrir og eftir tæmingu og meta hversu margir rúmmetrar hafa verið nýttir. Ljóst er þó að hvaða aðferð sem við notum þá borgar sig að leggja nokkra vinnu í að meta þetta og nýta búfjáraðurinn til frádráttar á notkun tilbúins áburðar.